

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 13/2021**

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/992 frá 9. júlí 2020 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sem fóðurukefni fyrir allar fuglategundir til varps (leyfishafi er BASF SE) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1033 frá 15. júlí 2020 um endurnýjun á leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* ATCC 13870, og leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80182, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1139/2007 <sup>(2)</sup>.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1033 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1139/2007 <sup>(3)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki eiga við um Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópu-bandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 73.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 27.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 11.

1. Texti liðar 1zzzza (reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 1139/2007) fellur brott.
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 347. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/180):

„348. **32020 R 0992**: Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/992 frá 9. júlí 2020 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir til varps (leyfishafi er BASF SE) (Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 73).

349. **32020 R 1033**: Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1033 frá 15. júlí 2020 um endurnýjun á leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* ATCC 13870, og leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80182, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1139/2007 (Stjtið. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 27).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2020/992 og (ESB) nr. 2020/1033, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.